

Þriðjudaginn 5. nóvember 1991.

Nr. 441/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. tl. sömu gr., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur um farbann hans. Kæran er frá 30. október sl., en barst Hæstarétti 1. nóvember s.á. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í gögnum málsins segir, að varnaraðili sé samkvæmt vegabréfi ríkisborgari í Namibíu og beri nafnið Torbjörn Gunnasson.

Varnaraðili er erlendur maður og án fasts heimilisfangs eða atvinnu, að því er séð verður af gögnum málsins. Hann hefur hér á landi verið undir lögreglurannsókn vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ríkissaksóknari hefur nú birt ákæru á hendur honum, þar sem hann er sakaður um hótelsvik, fjársvik og umboðssvik. Næsta þinghald í máli hans er fyrirhugað í dag. Þörf er á dvöl varnaraðila hér á landi vegna meðferðar málsins fyrir sakadómi. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn kærða úrskurð með vísun til forsendna hans.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 30. október 1991.

Ár 1991, miðvikudaginn 30. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur krafist þess, að Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, sem talinn er namibískur ríkisborgari og fæddur 3. september 1965, verði gert að sæta áframhaldandi farbanni frá lokum þess farbanns, sem rennur út kl. 16.00 í dag, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 13. nóvember nk. kl. 16.00.

Í gær gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur framangreindum Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni. Í fyrsta kafla hennar er hann ákærður fyrir hótelsvik gagnvart Hótel Holti við Bergstaðastræti hér í borg, að fjárhæð 214.823 kr., og gagnvart Hótel Íslandi, Ármúla 9, einnig hér í borg, að fjárhæð 41.602 kr. Í öðrum kafla ákæru er hann ákærður fyrir fjársvik gagnvart heildsöluþyrirtækinu Kristu sf., Kringlunni 8-12, Reykjavík, að fjárhæð 426.671 kr. Er háttsemi þessi talin varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Í þriðja kafla ákæru eru ákærða gefin að sök umboðssvik skv. 249. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa misnotað greiðslukort sitt í staðgreiðsluviðskiptum, að fjárhæð 38.865 kr., en kortið hafði þá verið sett á svokallaðan vákortalista vegna misnotkunar ákærða.

Vegna rannsóknar mála þeirra, sem ákæra er reist á, hefur ákærði sætt farbanni frá 18. þ.m. Rennur það út kl. 16.00 í dag.

Með vísan til þess, er að framan er rakið, og skírskotun til 72. gr. laga nr. 74, 1974, og 15. gr. laga nr. 45, 1965, um eftirlit með útlendingum, telur dómurinn rétt til þess að tryggja nærveru ákærða við réttarhöld þau, sem fram undan eru í máli hans, að verða við kröfu ákæruvaldsins um áframhaldandi farbann, eins og hún er fram sett. Skal ákærði sæta farbanni með þeim skilmálum, sem greinir í úrskurðarorði.

Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist, að kostnaður af dvöl hans hér-landis verði greiddur úr ríkissjóði. Krafa þessi á sér enga lagastoð, og er henni vísað frá dómi.

Þá er þess og krafist af hálfu ákærða, að hann fái afhenta persónulega muni, sem RLR hefur nú í vörslum sínum, einkum skilríki.

Úrskurður hefur gengið um haldlagningu munanna, sem staðfestur hefur verið með dómi Hæstaréttar. Rétt þykir að láta áfram við svo búið sitja, og er kröfu þessari því hafnað.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ákærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, sem talinn er namibískur ríkisborgari og fæddur 3. september 1965, skal sæta áfram farbanni, þar til dómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 13. nóvember nk. kl. 16.00. Hann skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi, og halda skal hann sig innan aðalstarfssvæðis RLR og mæta á skrifstofu RLR dag hvern kl. 11.00 til að tilkynna um veru sína.